

Skilmálar fyrir Flügger Andelen

Útgáfa. 1.0

Flügger býður fjölbreytt úrval af innan- og utanhússmálningu, viðarvörn, spartli og málningarverkfærum í gæðum sem hæfa fagfólki. Í Flügger keðjunni eru sex verslanir á Íslandi sem eru í eigu Flügger Iceland ehf.

Flügger Andelen er samstarfsverkefni í boði fyrir íslensk félagasamtök sem gefur meðlimum færi á að versla á afsláttarkjörum í næstu verslun Flügger, um leið fá félagasamtökin styrktargreiðslu á grundvelli innkaupa meðlimanna. Hér getur þú lesið skilmálana sem gilda um Flügger Andelen. Skilmálarnir taka gildi 1. febrúar 2021.

Reikningurinn

- Til að nýta sér Flügger Andelen þurfa félagasamtök að stofna staðgreiðslureikning hjá næstu verslun Flügger. Þá geta meðlimir félagasamtakanna verslað á afsláttarkjörum gegnum reikning félagasamtakanna í hvaða verslun Flügger sem er. Reikningur er stofnaður með því að félagasamtökin fylla út stofneyðublað og afhenda eða senda eyðublaðið í næstu verslun Flügger, til að meðlimir geti verslað á afsláttarkjörum gegnum reikning félagasamtakanna. Þegar reikningurinn hefur verið stofnaður fá viðkomandi félagasamtök staðfestingu um að meðlimir klúbbsins geti verslað á afsláttarkjörum. Styrktargreiðslur til félagasamtakanna eru reiknaðar út á grundvelli kaupa meðlima í gegnum reikninginn.
- Til að þín félagasamtök geti stofnað reikning fyrir Flügger Andelen verða samtökin að vera skipulagsbundið félag sem er rekið án markmiða um hagnað.
- Aðillinn sem stofnar reikninginn verður að hafa umboð til að gera samninga fyrir hönd félagasamtakanna.
- Reikningurinn sem er stofnaður er staðgreiðslureikningur og allar vörur sem keyptar eru í versluninni í tengslum við reikninginn verður að greiða á staðnum.

Verð

- Veittur er 20% afsláttur af hilluverði fyrir allar sérmerktar Flügger vörur.
- Þennan afslátt er ekki hægt að nýta samhliða öðrum tilboðum eða afsláttum.
- Til að nýta sér afsláttinn þarf viðkomandi að vera meðlimur í félagasamtökunum. Við kaup þarf að gefa upp heiti félagasamtakanna eða númer reikningsins á afgreiðslukassa.

Styrktargreiðslan til félagasamtakanna

- Styrktargreiðslan nemur 5%. Prósentan er reiknuð af upphæðinni sem greidd er fyrir vöruna, eftir að afslátturinn hefur verið dreginn frá. Styrktargreiðslan grundvallast á öllum kaupum sem gerð eru gegnum reikning félagasamtakanna á sama almanaksári.
- Fyrir lok janúar ár hvert sendir Flügger yfirlit yfir veltu vegna kaupa meðlima félagasamtakanna og upplýsingar um styrktargreiðsluna frá liðnu almanaksári á það netfang sem gefið er upp á stofneyðublaði.
- Styrktargreiðslan til félagasamtakanna er greidd út fyrir lok janúar, á það reikningsnúmer sem félagasamtökin gefa upp á stofneyðublaðinu.
- Til að eiga rétt á styrktargreiðslu þurfa meðlimir að hafa safnað minnst kr. 10.000,- í styrktargreiðslu á liðnu almanaksári. Ef heildarupphæðin við árslok er lægri en það kemur ekki til styrktargreiðslu að neinu leyti.
- Félagasamtökunum er skylt að upplýsa Flügger ef breytingar eru gerðar á samskipta- eða reikningsupplýsingum vegna útborgunar á styrktargreiðslu. Breytingar skal tilkynna til þeirrar eða þeirra verslana Flügger sem félagasamtökin hafa stofnað reikning hjá.

Annað

- Flügger er heimilt að fella úr gildi skilmálana fyrir Flügger Andelen eða breyta þeim með þriggja mánaða fyrirvara, þar á meðal afsláttarprósentu og upphæð styrktargreiðslu til félagasamtaka. Styrktarupphæð sem þegar hefur verið aflað verður greidd út, hvort sem skilmálum verður sagt upp eða breytt.
- Ef félagasamtökin eða einhverjir meðlimir þeirra standa ekki við skilmálana fyrir Flügger Andelen er hægt að loka reikningnum án fyrirvara. Styrktargreiðsla sem þegar hefur verið aflað verður greidd út við slíka riftun.
- Ef félagasamtök óska eftir að loka þeim reikningi eða reikningum sem stofnaðir voru í tengslum við Flügger Andelen skulu félagasamtökin hafa samband við þá verslun eða verslanir þar sem samtökin eru með reikning.
- Upplýsingar um félagasamtökin sem skráðar eru á stofneyðublaðið má aðeins nota til að stofna reikninginn og við umsýslu á reikningi félagasamtakanna